

hvern rúmmetra húseignarinnar. Stofngjaldið skal greiðast áður en tenging við aðalræsi er leyfð.

Auk stofngjalds á hverri húseign, sem tengd er holræsakerfi hreppsins eða holræsi, sem hreppurinn hefur yfirtekið, skal húseiganda skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.1% — einu pro mille — af hinu opinbera fasteingamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma. Þó ekki lægra en kr. 700.00.

Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsaárgjalds.

Heimilt skal hreppsnefnd að lækka stofngjald skv. þessari grein í sérstökum tilvikum svo sem við byggingu fjölbýlishúsa.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði.

Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast skv. reglugerð þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 4 ár eftir gjalddaga með fasteignaveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsaárgjalds er 30. nóv. ár hvert, fyrir yfirstandandi ár.

8. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná til allra holræsa, sem hreppurinn hefur látið gera enda annist hann viðhald og endurnýjun þeirra. Húseigendum er og skylt að annast viðhald og endurnýjun ræsa frá húsum sínum að aðalræsi, sbr. ákvæði 3. gr. um fyrirmæli oddvita eða umsjónarmanns.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið með sem opinbert mál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. desember 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 245 31. desember 1963,
um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

1. mgr. 26. gr. orðist svo:

Frá tekjum skal draga vexti af öllum skuldum aðila, föstum og lausum, þar með taldir dráttarvextir af lánnum og einnig sköttum og útsvörum, svo og hver annar árlegur eða tímabundinn fastakostnaður eða þóknanir af lánnum, þar með

talið af víxillánum og stimpilgjöld af víxlum. Enn fremur lántökukostnað vegna lána, sem tekin eru í sambandi við atvinnurekstur.

2. gr.

Síðasti másl. 2. mgr. 2. tl. A-liðar 49. gr. orðist svo:

Skattlækkun kemur ekki til greina, ef barnið sjálft hafði, að mati skattyfirvalda, nægjanlegt ráðstöfunarfé á skattárinu til að mæta heinum kostnaði sínum við námið og eigið framfæri.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. desember 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um bókhald.

I. KAFLI

Um notkun lausra korta, blaða og annarra hjálpargagna.

1. gr.

Bókhaldsskyldum aðilum er heimilt að nota laus kort, blöð eða önnur hjálpargögn í stað innbundinna bóka skv. 5. gr. laga nr. 51/1968 um bókhald. Þetta er þó því skilyrði bundið, að gögn þessi séu hluti af skipulegu og öruggu kerfi. Þó skulu sjóðbók og efnahagsbók vera fyrir fram innbundnar eða heftar og tölusettar.

Bókhaldsskyldum aðilum, sem notfæra sér þessa heimild við bókhaldið, þ. á m. notkun skýrsluvéla, ber að uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

1. Bókhaldið sé fyrir fram skipulagt og fyrir liggja skrifleg lýsing á því, þar á meðal reikningaskrá, flokkun færslugagna og dagbóka, lýsing á úrvinnslu gagna og gerð reikningsskila.
2. Hver bókhaldsreikningur, kort eða blað, skal vera auðkenndur með nafni og númeri eða öðru auðkenni í samræmi við reikningaskrá.
3. Við hverja færslu komi a. m. k. fram dagsetning, tilvísun til færslugagna, reikningsnúmer eða auðkenni og fjárhæð. Þar sem notuð er örugg jafnaðarpróf-un við innfærslu á bókhaldsreikninga, þarf ekki að tilgreina reikningsnúmer á sjálfum bókhaldsreikningunum, en þau skal í þess stað tilgreina í dagbókinni.
4. Hver bókhaldsreikningur skal notaður fyrir aðeins eitt reikningsár. Þar sem færðir eru samdráttar- eða aðalbókarreikningar fyrir eigna- og skuldaliði, t. d. viðskiptamenn, er þó heimilt að nota undirreikninga þeirra fyrir fleiri en eitt reikningsár, enda séu samdráttarreikningar færðir eigi sjaldnar en mánaðarlega. Þeir skulu stemmdir af við undirreikninga eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.
5. Færa skal dagbók, sem sé samrit færslna á bókhaldsreikninga, og skulu þar koma fram a. m. k. sömu upplýsingar og krafizt er á reikningunum, þannig, að ávallt megi rekja hverja færslu í dagbók inn á einstaka bókhaldsreikninga. Dagbókar-